

KRFÍ 100 ára - 27. janúar 2007

Frú Vigdís, ráðherra, fundarstjóri, ágætu fundargestir - til hamingju með daginn

" að starfa að því að íslenskar konur fái fullt stjórnmalajafnrétti á við karlmenn, kosningarétt, kjörgengi svo og rétt til embætta og atvinnu með sömu skilyrðum og þeir" – var markmiðið með stofnun KRFÍ.

Tilgangurinn var augljós og verkefnið brýnt - og keppikeflið var að öðlast réttindin með sömu skilyrðum og karlar.

Þessi réttindi þurfti að sækja með ótrúlegu afli og elju gegn algerlega óskiljanlegum andmælum, sem voru þó tíðarandinn þegar á þessu gekk.

Nú er öldin önnur - tíðarandinn er annar - en jafnréttið er þó fjarri því að vera í höfn.

Hvað kemur í veg fyrir jafna þátttöku kvenna og karla við mótun og stjórn samfélagsins? – Og hvað veldur kynbundnum launamun sem virðist samgróinn samfélagsgerðinni. – Og hvað veldur þeirri vanvirðingu sem konur búa við og birtist m.a.í kynferðislegu ofbeldi og vændi?

Undanfarna áratugi hefur verkefnið verið að endurskilgreina baráttuna, kortleggja vandann og rekja sig að rötum hans þannig að hægt sé að eyða honum.

Mikil orka hefur farið í að vekja athygli á ýmsum málum, vísa til réttlætiskenndar þeirra sem völdin hafa, eða koma af stað umræðu eða fjöldaáðgerðum til að vekja athygli á málstaðnum og freista þess að hafa áhrif. Steinninn hefur verið klappaður og það er vissulega hægt að tíunda ýmsar mikilvægar breytingar sem orðið hafa á réttarkerfinu og afstöðunni til kvenna og réttinda þeirra, en betur má ef duga skal.

Ýmislegt bendir til þess að við búum enn við lítt breytt viðhorf þó við sjáum til skamms tíma breytingar til batnaðar.

Síðasti áratugur liðinnar aldar var einmitt áratugur margvíslegra breytinga á stöðu og réttindum kvenna. Því verður ekki á móti mælt og ég var svo lánsöm að fá að taka þátt í mörgum spennandi verkefnum á þessum vettvangi.

Tíundi áratugurinn var uppskerutími langrar en markvissrar baráttu margra kvenna sem létu engin tækifæri ónotuð til þess að leggja sitt af mörkum. Ég á margar vinkonur úr þessum hópi og það er fátt eins gaman og að rifja upp það sem á dagana dreif. Kvenfrelsisbarátta getur nefnilega verið hreint frábærlega skemmtileg.

Þetta vitið þið sem reynt hafið.

Á tíunda áratugnum voru viðfangsefnin margvísleg. Verkefnin sem við í KRFÍ lögðum áherslu á þau ár sem ég var þar í formennsku eru ágætt dæmi um það sem á gekk í baráttunni:

Við héldum opna fundi um

Þáttöku kvenna í stjórnmalum sem við kölluðum “**Stelpur í stjórnmalum – Hvað vilja þær, hvenig vegnar þeim?**” Þar lögðum við sérstaka áherslu á að fjalla um ímynd stjórnmalamannsins, sem er afar karllæg samkvæmt öllum rannsóknum og hvernig konum tekst að starfa undir því álagi.

Og annan um heimilisofbeldi, sem bar yfirskriftina “**Heimilið – griðarstaður gerenda**”

Við höldum líka opinn fund Um bága stöðu kvenna í stríðshrjáðri Bosnía – undir yfirskriftinni: **“Konurnar í húsinu – til styrktar konum í Bosnía”**. Konurnar í húsinu voru kvennahreyfingarnar á Hallveigarstöðum, auk KRFÍ, Kvenfélagasambandið og Bandalag kvenna í Reykjavík, sem stóðu sameiginlega að fundinum til að styrkja kvennahreyfingu í Sarajevo.

Þetta samstarf kvennahreyfinganna var nýlunda en ef til vill vísir að því sem koma skyldi. Nú hafa félögin sem vinna að kvenfrelsi með sér gott samstarf. Það er afar mikilvægt og fyrir það vil ég m.a. þakka Þorbjörgu Ingu, núverandi formanni KRFÍ sem hefur lagt sig sérstaklega fram um að efla samstarfið við aðrar kvenfrelsinhreyfingar.

Þá höldum við opinn fund um menntamál undir yfirskriftinni **“Menntunin: mátturinn og dýrðin?”** þar sem við ræddum þá stöðu sem upp var komin í íslensku samfélagi – að langskólagengnar konur voru orðnar fleiri en karlar, án þess að njóta þess á vinnumarkaði, hvorki í frama né réttmætum launum.

Þannig var stjórnmalapáttakan, kynbundna ofbeldið, bág staða kvenna í stríðshrjáðum löndum, menntun kvenna og staða á vinnumarkaði viðfangsefnið.

Og enn eru þetta höfuðverkefni kvenfrelsisbaráttunnar.

Ég hef áhyggjur af allt of lítilli þátttöku kvenna í stjórnmalum - en ég skil hana og held jafnvel að ástæðan sé að hluta til val kvennanna sjálfra, enda stjórnmalin ekki árennilegur vettvangur eins og hann hefur fengið að þróast nánast kvenmannslaus um aldir.

Ég hef einnig áhyggjur af því að konur skuli ekki vera í sama mæli og karlar í forystu í atvinnulífinu – en ég skil það líka og tel að það sé einnig að nokkru leyti val kvennanna sjálfra.

Eins og nú háttar til þá krefst þátttaka í stjórnmalum og forysta í atvinnulífinu persónulegra fórna sem konur eru almennt ekki tilbúnar til að færa í sama mæli og karlar.

Ég hef af kynbundna launamuninum miklar áhyggjur – en hann get ég engan veginn skilið eða þá virðingarleysið sem konur búa við og birtist m.a. í niðurlægjandi umfjöllun um þær, kynferðisofbeldi, klámi og vændi. Af því hef ég mjög miklar áhyggjur.

En hvernig er hægt að breyta þessum hlutum?

Það verður ekki gert nema konur verði þar sem ráðum er ráðið og völdin liggja.

Þrátt fyrir byltingarkenndar breytingar á högum kvenna á liðinni öld þá hafa þær ekki farið af vakt sinni við umönnun barna og aldraðra, enda tók enginn við því starfi af þeim.

Á sama tíma og þær öðluðust réttindi til náms, atvinnu, embætta og kjörgengis, standa á þeim kröfurnar um að standa sig þar karlmannlega og ívið betur en karlarnir ef þær eiga að fá framgang, samtímis því að hafa enn á herðum meginþungann af sínum fyrri störfum. Þar að auki eiga þær að vera fitt - og smart - og síungar - og óþreyttar.

Það er ekki að undra að ungum konum fjölgi svo ört sem tölur sanna í hópi öryrkja, vegna streytutengdra sjúkdóma – af því hef ég verulega miklar áhyggjur.

Kosningarnar 1999 voru kvennakosningarnar. Kvinnalistinn bauð ekki fram en flokkarnir kepptust um að ná jafnréttismálanum til sín. Jafnréttismálin voru þá svo

sannarlega á dagskrá. Nefnd um aukinn hlut kvenna í stjórnámálum – “Sivjarnefndin” – stóð t.d. fyrir fundum um allt land og auglýsingaherferð. KRFÍ í byrjun árs 1999 gaf út bókina “Gegnum glerþakið – valdahandbók fyrir konur” þar sem fjallað var um konur í stjórnámálaum á Norðurlöndunum. – Og konur brutu af sér glerþakið þetta vor og náðu meira en 30% hlutdeild á Alþingi. En í stað þess að þar fengist ný viðspyrna til enn frekari sigra er eins og glerþakið hafi hrunið yfir okkur. Konum fækkaði á þingi árið 2003 og allt útlit er að þeim muni enn fækka í komandi kosningum.

Á árunum 1996-2000 var unnið að frumvarpi til laga um fæðingar- og foreldraorlof, sem var samþykkt á þingi með öllum greiddum atkvæðum. Þar birtist tíðarandinn. Árið 1999 var einnig lagt fram nokkuð framsækið frumvarp til jafnréttis laga sem mér fannst líka höndla tíðarandann – vera barn þess tíma – en það náði ekki fram að ganga heldur var ári síðar lagt fram annað, verulega varfærnislegra frumvarp – sem svo varð að þeim lögum sem ranglega að mínu mati eru nú sögð vera barn síns tíma.

Því tíundi áratugurinn var framsækinn kvenfrelsstími.

Árið 1924 skrifaði Halldór Laxness í bréfi til vinar síns eftirfarandi: “Ég sem kaþólikki ber ekki ábyrgð á þeim axarsköftum sem ég gerði þegar ég var prótestant.”

- og var þar að tala um ábyrgð sína af því axarskafti að hafa barnað konu.

Viðhorf sem þessi - og svo mörg önnur sambærileg sem mættu brautryðjendum kvennabaráttu á Íslandi - eru nú sem betur fer víkjandi og karlar sem taka þannig á málum trúu ég að eigi ekki upp á pallborðið. Þeir hafa bæði fleiri tækifæri og meiri hvatningu til þess að velja rétt og axla sína ábyrgð á því að hafa barnað konu. En betur má ef duga skal - -

Við þurfum að koma konum að kjötkötlunum og gera þeim kleyft að standa þar við langa suðu - á góðum seið - sem dugir til að breyta viðhorfum til kvenna og réttinda þeirra. Það nægir ekki á öðlast réttindin með sömu skilyrðum og þeir. Jafnréttið krefst þess að viðmiðum verði breytt og viðtakaskipti fari fram. Viðhorfin þurfa að breytast.

Viðhorf er lítið orð og yfirlætislaust en það ber í sér merkingarþunga liðinna alda. Samfélagið er gegnsýrt af viðteknum venjum, hefðum og menningu. Það er því ekkert áhlaupsverk að breyta viðhorfum. En hver sagði að þetta ætti að vera léttur leikur. Við sem staðið höfum vaktina lengi vitum að svo er ekki.

Máttur viljans er mikill - en aðgerða er þörf.

Að lokum vil ég því leggja til áætlun fyrir ráðamenn og kvenfrelsiskonur á þessu hátíðarári:

1. Að KRFÍ fái á föstum fjárlögum myndarlegan stuðning svo því verði gert kleyft að verða enn virkari réttlætiskompás í stefnulitlum heimi.
2. Að rannsóknir í kvenna- og kynjafræðum verði styrktar svo um munar svo hægt verði að fylgjast grannt með framvindunni og bregðast við með réttum hætti þegar út af bregður.
3. Að konum verði raðað í stjórnir lífeyrissjóðanna. Því ef peningarnir eru hreyfiafl samfélagsins – sem mig grunar að sé rétt – þá er nærtækast að ná tókum á þeim þar. Og þar er eftir nokkru að slægjast. Eignir lífeyrissjóðanna eru t.d. vel á annað þúsund milljarða.

4. Að boðinn verði fram kvennalisti í vor í þeim kjördæmum sem líkur eru á að verði kvenmannslaus á Alþingi að loknum kosningum.

Að síðustu vil ég þakka stjórn KRFÍ fyrir frábæra frammistöðu á kvenfreslsvaktinni og óska félaginu alls velfarnaðar í sínum störfum í framtíðinni.